

verða í þessu tilliti, og sér í lagi um gjald það eða þær tekjur, sem samkvæmt því, sem sagt er, kunna að falla til landssjóðsins.

1872.

15. apríl.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bólusótt.

15. apríl.

Sökum þess að bólan gengur allstaðar í Danmörku, — enda þótt minna kveði að henni fyrir utan Kaupmannahöfn — mælumst vör til, að þér (tit.) brýnið fyrir öllum þeim, sem hlut eiga að máli í suðuramtinu (vesturamtinu, — norður- og austuramtinu), að gæta þess kostgæfilega, sem fyrir er mælt í opnu bréfi, áhrærandi ónýting opinna bréfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803, dagsettu 20. júní 1838.¹⁾

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um reikningsskil fyrir gjaldi á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

15. apríl.

Um leið og vör sendum yður (tit.) nokkur exempl. af umburðarbréfi, sem dómsmálastjórnin hefir látið út ganga til allra amtmanna og lögreglustjóra á Íslandi um reglur, sem farið verður eftir, þegar gjöra skal reikning þann, sem fyrir er mælt í tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, — en þetta umburðarbréf er beinlínis sent hëðan lögreglustjórunum —, mælumst vör til, að þér brýnið fyrir öllum hlutadeigendum, að gæta þess kostgæfilega, sem fyrir er mælt í lögum 15. apríl 1854, að útland skip skuli koma við á einhverri af þeim höfnum, sem nefndar eru í 2. grein, áður en þau sigla upp á aðrar hafnir á Íslandi.

¹⁾ Lovsamling for Island, XI., 245.